

AUGLÝSING

um bann við notkun kjarna (ammoníumnítrats) við sprengjuvinnu nærri íbúðabyggð eða stöðum þar sem fólk dvelst eða ferðast um.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hefur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið að banna notkun kjarna (ammoníumnítrats) sem sprengiefnis þegar sprengivinna fer fram nær íbúðabyggð, vinnustöðum eða öðrum mannvirkjum og svæðum þar sem fólk dvelst en 300 m. Sama gildir um vegi, nema umferð sé stöðvuð fyrir sprengingu.

Þegar fjarlægð er metin skal miða við lóðamörk íbúðarhúsa, atvinnufyrirtækja eða almenningssvæða annars vegar og jaðar þess svæðis sem tekið er fyrir við sprengivinnuna hins vegar.

Bannið tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Reykjavík, 13. ágúst 1991.

Vinnueftirlit ríkisins,
Eyjólfur Sæmundsson.

Auglýsing þessi staðfestist hér með.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 266/1990.

1. gr.

1. mgr. 42. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga varamenn. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Heimilt er að kjósa varamann í bæjarstjórn sem varamann í bæjarráð.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1991.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.